

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirtaldir reglur um umferð í Grindavík:

1. Hámarkshraði í Grindavík verður 50 km. m. v. klst.
2. Biðskylda verður á Marargötu, Mánasundi og Mánagerði við Mánagötu.
3. Biðskylda verður á Bakkalág og vegi frá hesthúsum við Austurveg.
4. Biðskylda verður á Mánagötu við Hafnargötu.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Grindavík, 12. október 1983.

Jón Eysteinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1983.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 10 000,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 000,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 20 000,00 á rúmlest á 5 ára gömlu skipi.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 3 000 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 320,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 160,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 47 900,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. október 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1983.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.